



## Sandöldusvæði við norðurpólinn

Sandöldur af þessu tagi, sem kallast hófskaflar, myndast þar sem setmagn er ekki mikið en vindátt stöðug. Hornin á hófsköflunum vísa undan vindi en í þessu tilviki hefur vindurinn einkum blásið í norðvestur.